



Hafnarfjarðarbær
Guðrún Guðmundsdóttir
Norðurhellu 2
221 Hafnarfjörður

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	11.09.2018
Málsnr:	1805076
Bréfsl:	512

Reykjavík, 6. september 2018
Tilvísun: 201805061 / 3.2

Efni: Tillaga að breytingu á aðalskipulagi vegna Hamraneslinu 1 og 2

Hafnarfjarðarbær hefur, með erindi dags. 28. ágúst 2018, sent Skipulagsstofnun til athugunar tillögu að breytingu á aðalskipulagi samkvæmt 3. mgr. 30. gr. skipulagsлага. Tillagan var samþykkt til auglýsingar í bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann 22. ágúst sl. og hefur hún þegar verið auglýst til kynningar, sbr. afrit af auglýsingum sem fylgdu erindi bæjarfélagsins.

Skipulagstillagan er sett fram á kortblaði dags. 8. ágúst 2018 með uppdrætti í mkv. 1:15.000 og samantekt um viðfangsefni skipulagstillögunnar.

Í breytingartillöggunni felst að Hamraneslinur 1 og 2 eru tímabundið færðar fjær byggðinni í Hafnarfirði en ráðgert er að taka þær niður þegar Lyklafellslína 1 hefur verið tekin í notkun.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlögð gögn og bendir á að samkvæmt skipulagslögum ber sveitarstjórn að senda tillögu að aðalskipulagi og breytingar á því til athugunar Skipulagsstofnunar áður en tillaga er auglýst, eins og nánar er kveðið er á um 3. mgr. 30. gr. laganna. Athugun Skipulagsstofnunar felur m.a. í sér yfirferð á innihaldi og framsetningu skipulagstillögu og hvernig staðið hefur verið að kynningu og samráði.

Skipulagsstofnun fór yfir lýsingu skipulagsverkefnisins, sbr. umsögn stofnunarinnar dags. 14. júní 2018 þar sem settar voru fram ábendingar til frekari úrvinnslu í skipulagsverkefninu. Í lýsingunni var greint frá tilefni og þörf fyrir flutningi Hamraneslinu, mögulegum útfærslukostum, mati á áhrifum og skipulagsferlinu. Í lýsingunni kemur fram að ekki verði gerð breyting á aðalskipulagsupprætti (kafli 1.1 og 3.4) enda er niðurriif Hamraneslinu ennþá stefna Hafnarfjarðarbæjar til framtíðar. Hins vegar verði sett fram sérákvæði í kafla 2.2.25 um veitur og rafmagn. Umsögn Skipulagsstofnunar byggði á þeim upplýsingum sem fram komu í lýsingunni og samtali stofnunarinnar við Hafnarfjarðarbæ á fyrri stigum m.a. um framsetningu breytingarinnar í texta og á skýringarmyndum. Bent var á að skýra betur mat á áhrifum af færslu línumnar og valkosta við hana og huga vel að samráði og kynningu. Einnig að gæta að því að lýsing á áformum um byggingu línumnar væru með þeim hætti að unnt væri að leggja aðalskipulagið til grundvallar framkvæmdaleyfi, þó áfram væri stefnt að niðurfellingu línumnar sbr. greinargerð gildandi aðalskipulags og framsetningu á þéttbýlisupprætti. Innsend gögn eru því í litlu samhengi við þann efnivið sem lagt var upp með hvað varðar áform um samráð og framsetningu breytingar. Í raun má segja að greinargerð aðalskipulagsbreytingarinnar vanti, þ.m.t. umhverfismatið.

Framsetning skipulagstillögunnar á uppdrætti, fyrir og eftir breytingu, gerir það að verkum að vinna þarf breytingu á aðalskipulaginu þegar ráðist verður í gerð Lyklafellslínu 1. Í framsetningu tillögunnar ætti að sýna breytt fyrirkomulag Ásvallabrautar sem bæjarstjórn samþykkti 22. ágúst sl. og er til staðfestingar hjá Skipulagsstofnun. Þá þarf að leiðréttu skipulagsupprættinn bæði fyrir og eftir breytingu þar sem hluti stofnanasvæðis S33 var felld niður með breytingu á

aðalskipulagi sem tók gildi 29. ágúst 2016. Þá er bent á að tákni fyrir veitur í skýringum eru ekki rétt.

Skipulagsstofnun hafa borist umsagnir vegna ákvörðunar stofnunarinnar um matsskyldu framkvæmdarinnar við færslu línumnar skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum. Þær umsagnir gefa ekki tilefni til sérstakra viðbragða í aðalskipulagstillögunni að öðru leyti en því að skoða þurfi skipulagssvæðið m.t.t. fornleifa. Ákvörðun Skipulagsstofnunar um að bráðabirgðafærsla Hamraneslína þurfi ekki að fara í mat á umhverfisáhrifum er frá 19. júlí 2018.

Skipulagsstofnun telur annmarka skipulagstillögunnar þess eðlis að endurskoða þurfi skipulagsgögn og auglýsa með nýjum athugasemdaresti.



Hafdís Hafliðadóttir



Birna Björk Árnadóttir